



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

101 REYKJAVÍK

**Svar skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um samsetningu starfsfólks í borgarreknunum leikskólum.**


Hér að neðan eru spurningar áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands og svör við spurningum.

**Hver er heildarfjöldi starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar?**

Í september 2018 var fjöldi stöðugilda í leikskólum Reykjavíkur 1837.

**Hver er aldersdreifing starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar?**

Í september 2018 var aldersdreifing í leikskólum Reykjavíkur eftirfarandi:



**Hvert er hlutfall kvenna á meðal starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar?**

Í september 2018 var hlutfall kvenna 91,8%.

**Hvert er hlutfall karla á meðal starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar?**

Í september 2018 var hlutfall karla 8,2%.

**Hvert er hlutfall kvenna meðal ófaglærðra í leikskólum Reykjavíkurborgar? Hvert er hlutfall karla meðal ófaglærðra í leikskólum Reykjavíkurborgar?**

Hlutfall ófagmenntaðra\* starfsmanna var 57,2% í september 2018 og var skipting á milli kynja þannig að 96% voru konur og 4% voru karlar. Hlutfall ófagmenntaðra meðal kvenna er 55,4% og

hlutfall ófagmenntaðra meðal karla er 76,9%.

### Hvert er hlutfall fólks af erlendum uppruna á meðal starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar?

Samkvæmt könnun sem send var út til leikskólastjóra vorið 2018 voru erlendir starfsmenn 16,2% starfsmanna.

### Hvert er hlutfall fólks af erlendum uppruna á meðal ófaglærðs starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar?


Ekki er haldið utan um hvort starfsmenn eru af erlendum uppruna í SAP mannauðskerfinu og því er að öllu jöfnu ekki hægt að svara þessari fyrirspurn. Aftur á móti var gerð könnun á vormánuðum til þess að fá svör við ofangreindri spurningu um hlutfall erlendra starfsmanna í leikskólum borgarinnar. Könnunin var send til leikskólastjóra og eru þetta þeirra svör um sitt starfsfólk. Þar var einnig beðið um menntunarstig starfsmannanna sem finna má í neðangreindri töflu. Það er þó ekki hægt að finna sambærilega reiknað hlutfall fagmenntaðra og eða uppeldismenntaðra út frá þessari flokkun en hún gefur ákveðna mynd.

Hlutfall menntunarstigs erlendra starfsmenna	Hlutfall (%)
Próf á grunnskólastigi	14%
Próf á framhaldsskólastigi	28%
Próf á háskólastigi	24%
Framhaldspróf í háskóla	8%
Próf á sviði uppeldis- og menntunar úr háskóla á Íslandi	3%
Próf á sviði uppeldis- og menntunar ú erlendum háskóla	15%
Hefur ekki lokið prófgráðum	9%

\*Hlutfall fagmenntaðra inniheldur fagmenntaða leikskólakennara með leyfisbréf og aðra uppeldismenntaða starfsmenn af öllum starfsfólki að fráskildum öðrum starfstéttum sem ekki starfa beint með börnum s.s. í mótuneyti og við ræstingar.

Sá fyrirvari er settur að tölur um stöðugildi og aldursdreifingu er fenginn upp úr tveimur Qlik sense smáforritum sem eftir á að gera formlegar prófanir ár. Við teljum engu að síður að þær séu jafn áreiðanlegar eða jafnvel áreiðanlegri en ef gögnin hefðu verið keyrð úr SAP-inu í excel og þau flokkuð þar.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs